

1281. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 13. ágúst 2025, kl. 17:30 á skrifstofu VR á Selfossi.

Mætt á staðfund: Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Andrea Rut Pálsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Karl. F. Thorarensen, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Styrmir Jökull Einarsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Tómas Gabríel Benjamin, Þórir Hilmarsson, Birgitta Ragnarsdóttir varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Finnbjörn A. Hermannsson forseti ASÍ, Saga Kjartansdóttir frá ASÍ, Kolbrún Júlía Erlendsdóttir, formaður stjórnar Suðurlandsdeildar VR, Stefán Viðar Egilsson, aðalmaður í stjórn Suðurlandsdeildar VR, og Baldvin Nielsen, varamaður í stjórn Suðurlandsdeildar VR.

Fjarverandi: Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir.

Næsti fundur: 10. september 2025

Halla Gunnarsdóttir formaður VR bauð stjórnarfólk velkomið á fundinn sem að þessu sinni var haldinn á skrifstofu VR á Selfossi. Stjórn Suðurlandsdeildar VR var boðið að sitja fundinn. Þá bauð Halla velkomin þau Finnbjörn A. Hermannsson forseta ASÍ og Sögu Kjartansdóttur, sérfræðing ASÍ í vinnumarkaðsmálum. Fundargestir kynntu sig.

Halla óskaði því næst eftir að bæta við dagskrárlið, við bætist liður nr. 10, Atvinnustefna Íslands, og aðrir liðir færast til sem því nemur. Engar athugasemdir voru gerðar við það.

Þá var gerð breyting á dagskrá þannig að liður nr. 3. Heimsókn forseta ASÍ, var tekinn fyrir fyrst, á undan liðum nr. 1 og 2 og breytist röð þeirra dagskrárliða í samræmi við það.

Halla bauð Finnbirni og Sögu að kynna tillögur að breytingum á vinnustaðaeftirliti.

1. (3.) Heimsókn forseta ASÍ

Skjölín „3.0 Vinnustaðaeftirlit – kynning frá ASÍ“ og „3.1 Minnisblað frá ASÍ um lögræðiþjónustu“ er að finna í máli fundarins í skjalakerfi VR.

Finnbjörn þakkaði fyrir boðið á fundinn, þetta væri í annað skipti sem honum hafi verið boðið á fund stjórnar VR. Hann sagði mikilvægt að sækja stjórnir aðildarféлага ASÍ heim, það væri sambandinu hollt að heyra hvernig hlutirnir leggist í hinn almenna stjórnarmann. Til umræðu hér væri kynning á tillögum til breytinga á vinnustaðaeftirliti hreyfingarinnar í átt að miðlægu eftirliti.

Saga tók því næst við og sagði að skrifstofu ASÍ hafi verið falið af miðstjórn að leggja fram tillögur um breytingar á eftirlitinu sem síðan hafi verið kynntar miðstjórn í júní. Saga sagði vinnustaðeftirlitið gegna lykilhlutverki í baráttunni gegn launabjófnaði, misneytingu og mansali og væri mikilvæg leið fyrir verkalyðshreyfinguna til að ná til erlends félagsfólks og upplýsa það um sín réttindi. Eftirlitið hefur ekki verið miðlægt og ASÍ hefur ekki haft verkstjórn yfir því. Félögin halda úti eftirlitinu en samstarf félaga hefur einnig verið umtalsvert. Starfið er krefjandi og umhverfið einnig og erfitt fyrir minni félög að halda úti eftirliti. Skortur hefur verið á yfirsýn yfir umfangið og getu til að kortleggja ákveðnar atvinnugreinar.

Saga sagði tækifæri í miðlægu eftirliti, betri yfirsýn og samræmi í eftirlitinu og auknir möguleikar á að skipuleggja markvissara eftirlit. Veita mætti fulltrúum faglegan og félagslegan stuðning og efla starfið sbr. það sem farið var í sumar á Suðurlandi þegar gert var átak í eftirliti í ferðapjónustu. Í því tilfelli var ráðist í átak að frumkvæði VR og leiðsögufólks, ASÍ hélt utan um átakið og kallaði til aðra aðila, eins og lögreglu, vinnueftirlit og skattinn. Því verkefni er ekki lokið, áfram verður farið í eftirlit í ágúst.

Saga sagði að eftirlitsfulltrúar í miðlægu eftirliti yrðu að vera 6 talsins til að tryggja getu til að viðhafa eftirlit um allt land. Fulltrúarnir fengju grunnþjálfun en væru svo sérhæfðir í tilteknum réttindum og samningum og væru tengiliðir við félögin. Ekki væri með þessu verið að taka heimild frá stéttarfélögum að sinna sínu eigin vinnustaðaeftirliti sem væri þá til viðbótar við hið miðlæga.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir mætir á fundinn kl. 18:15.

Umræður

Að loknum umræðum þakkaði Halla Sögu fyrir sem fór af fundi kl. 18:25.

Finnbjörn ræddi því næst hugmyndir um sameiginlega lögfræðipjónustu aðildarfélaganna. Í dag eru 44 félög innan ASÍ og nota þau ýmsa lögfræðinga til að sinna málum fyrir félagsfólk sem fæstir eru sérhæfðir í þeim málum sem um ræðir. ASÍ telji að miðlæg lögfræðipjónusta geti styrkt félögin þegar kemur að málaferlum og koma í veg fyrir að mál tapist vegna þekkingarleysis. Þessi hugmynd kom fram fyrst 2012 en hefur nú aftur komið til umræðu og verður unnin áfram í vetur.

Þá fjallaði Finnbjörn um fund sem hann átti með fjármálaráðherra um tillögur að breytingum á lögum um lífeyrissjóði þess efnis að sjóðunum verði óheimilt að láta örorkugreiðslur frá TR lækka greiðslur frá lífeyrissjóðunum. Þá er fyrirhugað að jöfnunarframlag ríkisins vegna greiðslu örorkulífeyris sjóðanna falli niður á næsta ári. Nái þessar breytingar fram að ganga, myndi þetta hafa í för með sér högg uppá 6 ma.kr. fyrir lífeyrissjóðina og skerða eftirlaunaréttindi launafólks, sagði Finnbjörn. Óvissa ríkir um málið en engir lífeyrissjóðir færu verr útúr þessum breytingum en sjóðir á hinum almenna vinnumarkaði.

Þá skýrði Finnbjörn frá því að fyrirhugaður væri formannafundur ASÍ í haust þar sem m.a. á að ræða félagsaðild, en VR hefur formlega óskað eftir þeirri umræðu.

Umræður

Að loknum umræðum þakkaði Halla Finnbirni fyrir og fór hann af fundi um kl. 19:15.

2. (1.) Fundargerð 1281. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Halla Gunnarsdóttir lagði fram fundargerð 1281. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og send til rafrænnar undirritunar.

3. (2.) Samþykkt á milli funda, sameining starfsmenntasjóða

Fyrir fundinum lá skjalið „2.0 Sameining starfsmenntasjóða – samþykkt milli funda“ til umræðu.

Þann 8. júlí var sendur tölvupóstur á stjórn vegna sameiningar starfsmenntasjóða VR og Leiðsagnar vegna sameiningar félaganna fyrr á árinu. Stjórn VR samþykkti sameininguna með tölvupósti. LÍV og SA hafa einnig samþykkt sameininguna og hefur því öllum formskilyrðum um sameiningu sjóðanna verið uppfyllt. Endurmenntunarsjóður Leiðsagnar hefur því sameinast SVS.

4. Kjaramál

Halla skýrði frá því að VR og Sameyki hefðu fundað með fulltrúum Heinemann vegna stöðu starfsfólks í Fríhöfninni en Heinemann tók við rekstrinum af hinu opinbera fyrr á árinu. VR og Sameyki eru samstíga í þeirri kröfu að samningur starfsfólksins frá því fyrir breytingu á rekstraraðila gildi áfram, þrátt fyrir eigendaskiptin. Viðræður munu halda áfram til að tryggja réttarstöðu starfsfólksins.

Þá sagði Halla frá því að viðræður við Icelandair vegna starfsfólks félagsins í hleðslu- og farþegaþjónustu væru farnar af stað aftur, en þær hafa farið fram hjá sáttasemjara síðustu misseri.

Wolt, sem sætt hefur mikilli gagnrýni fyrir ótrygga ráðningarsamninga og svokallaða núll samninga þar sem ekkert starfshlutfall er skráð, hafa boðið til samtals um hark hagkerfið og nýsköpun til frambúðar. Halla sagði VR muni að sjálfsögðu taka þátt í slíku samtali.

Halla ræddi stöðu erlends launafólks á vinnumarkaði í tengslum við þær umræður sem nú eiga sér stað í þjóðfélaginu um útlendinga. Hún rifjaði upp grein sem hún ritaði nýlega þar sem hún lýsti yfir miklum áhyggjum af röksemdarfærslu dómsmálaráðherra sem beri þess merki að vera ætlað að tala inn í andúð gegn innflytjendum, m.a. með því að láta sem fækkun útlendinga utan EES muni létta álagi

á

skólum og heilbrigðisþjónustu. Ef ræða eigi fækkun innflytjenda, sem sé ekki endilega verðugt markmið í sjálfa sér, þá þurfi að gera það í samengi við atvinnuvegina, en langflest fólk bæði innan og utan EES kemur til Íslands til að vinna.. Verkalýðshreyfingin beri sömu skyldu gagnvart erlendu og innlendu félagsfólki sínu. Halla sagði mikilvægt að ræða málaflokkinn í heild sinni, það væri ekki málinu til framdráttar að ræða einungis stöðu afmarkaðra hópa. Umræða um stöðu erlends launafólks utan EES átti sér einnig stað í umræðum í tilefni af heimsókn forseta ASÍ.

Þá ræddi Halla um stöðu kjarasamninga í ljósi þrálátrar verðbólgu sem rekja má til stöðunnar á húsnæðismarkaði og verðlagshækkana fyrirtækja þvert á það sem lagt var upp með við gerð kjarasamninga. Stýrivextir bíta á röngum stöðum og æ fleiri taka nú undir með okkur og gagnrýna Seðlabankann fyrir hávaxtatefni sína, sagði Halla. Forsendunefnd kjarasamninga hefur hist og mun hittast aftur um næstu mánaðamót, en forsenda kjarasamninga er að 12 mánaða verðbólga í ágúst 2025 mælist ekki yfir 4,95%. Halla taldi líklegt að forsendur samninga haldi að þessu sinni en benti á að endurskoðun fari aftur fram að ári og þá gæti staðan verið önnur.

Stefán Sveinbjörnsson, sem sæti á í forsendunefnd, sagði að nefndin muni taka endanlega afstöðu í lok mánaðar þegar tölur liggja fyrir. Verðbólga hafi verið að hækka og spár bendi til þess að sú þróun haldi áfram. Meginforsendur kjarasamninga hafi verið að verðbólga myndi lækka og vextir í kjölfarið. Ljóst sé að það hafi ekki gengið eftir.

Umræður

Í umræðum kom fram tillaga um að VR myndi fjalla opinberlega um þær verðhækkanir sem dunið hafi á launafólki síðustu misseri.

5. Vinnustaðaeftirlit VR í sumar

Fyrir fundinum lá skjalið „5.0 Vinnustaðaeftirlit hjá VR“ til kynningar.

Kolbrún Júlía Erlendsdóttir, formaður Suðurlandsdeildar VR og eftirlitsfulltrúi VR, fjallaði um átak í vinnustaðaeftirliti í ferðaþjónustu á Suðurlandi í sumar, eins og Saga frá ASÍ ræddi fyrr á fundinum. Kolbrún sagði átakið hafa gengið vel sem og samstarf VR, ASÍ, lögreglu, vinnueftirlitsins og skattayfirvalda. Átakið stendur enn yfir og verður framhaldið í ágúst. Í júní og júlí var rætt við rúmlega 200 einstaklinga og fjölda fyrirtækja. Um 30 fyrirtæki reyndust starfa án tilskilinna leyfa. Alvarlegasta atvikið sagði Kolbrún varðar erlendan mann sem starfar sem verktaki við ökuleiðsögn, en sá hafi unnið 56 daga í röð þar sem stysta hvíld viðkomandi hafi verið 4 klst. á sólarhring. Lögregla lítur á mál sem þessi sem mansalsmál, sagði Kolbrún.

Kolbrún viðraði ákveðnar efasemdir um miðlægt vinnustaðaeftirlit ASÍ, ekki síst hvað varðar bein samskipti við félagsfólk sem sækja til stéttarfélaganna.

Þórir Hilmarsson fór af fundi kl. 20:15.



Umræður

Halla óskaði eftir heimild að lengja fundinn um klst. Engin athugasemd.

6. Samstöðufundur félagasamtaka vegna Palestínu

Fyrir fundinum lá skjalið „Samstöðufundur félagasamtaka vegna Palestínu“ til kynningar og afgreiðslu.

Halla sagði frá því að borist hefði beiðni til VR um þátttöku í undirbúningi fyrir samstöðufund með Palestínu vegna Gaza. Búið sé að halda 2-3 fundi og eru stéttarfélög nú að bera beiðnina undir sínar stjórnir.

Halla benti á að alþjóðlega verkalyðshreyfingin, ITUC, ETUC og Uni, hafi ályktað kröftuglega gegn því sem nú á sér stað í Palestínu og sagðist telja sjálfsagt að VR taki þátt í þessum fundi, ef stök stéttarfélög taki þátt. Fulltrúi VR hefur sótt fundina. Skilaboð fundarins verði einföld: Þjóð gegn þjóðarmorði.

Umræður

Halla lagði fyrir fundinn tillögu um að VR verði þátttakandi í undirbúningi þessa fundar og framkvæmd.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, tveir stjórnarmenn sátu hjá.

7. Stefnumótun VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Stefnumótun VR – Minnisblað“ til kynningar og afgreiðslu.

Halla rifjaði upp að stjórn hafi rætt um nauðsyn stefnumótunar fyrir félagið til næstu ára en síðast fór stjórn í stefnumótun fyrir sjö árum. Vinnumarkaðurinn hafi einkennst af miklum breytingum síðustu ár og má reikna með að þær haldi áfram. Þá hafi orðið miklar breytingar á félaginu sjálfu, m.a. með sameiningu við Leiðsögn fyrr á árinu.

Í minnisblaðinu er gerð tillaga að því að stjórn fari í vinnu næstu mánuði við að móta stefnu félagsins og skipulag til framtíðar. Skipaður verði stýrihópur 3-5 stjórnarmanna auk formanns sem leiði vinnuna. Hlutverk hópsins verði m.a. að skilgreina verkefnið, vinna tillögur að aðkomu annarra að verkinu, rýna skipulag félagsins og gera tillögur um breytingar. Stjórn VR mun koma að vinnunni á öllum stigum og allar tillögur stýrihópsins verða lagðar fyrir stjórn til umfjöllunar og afgreiðslu. Í minnisblaðinu er lagt til að leitað verði til utanaðkomandi ráðgjafa sem muni starfa með stýrihópnum og vera stjórn til ráðgjafar.

Halla óskaði eftir því að stjórnarfolk sem áhuga hafi á að taka þátt, láti sig vita.

Umræður

Eftir umræður var lagt fyrir fundinn hvort fara eigi í stefnumótun eins og minnisblaðið kveður á um.

Samþykkt samhljóða.

8. Kaup og sala á orlofshúsum VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „8.0 Kaup og sala orlofshúsa – minnisblað“, 8.1 Kaup Húsafell Hraunbrekkur“, 8.2 Sala Vestmannaeyjar, „8.3 Sala Dalsgerði Akureyri“ og „8.4 Sala Furulundur Akureyri“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán fór yfir minnisblað um kaup og sölu orlofshúsa VR en í starfs- og fjárhagsáætlun ársins var samþykkt að gera ráð fyrir kaupum á þremur til fjórum nýjum orlofshúsum á árinu 2025 og sölu á þremur eignum. Búið er að samþykkja í stjórn og ganga frá kaupum á eign í Hálöndunum og jafnframt eign í Húsafelli, með fyrirvara um samþykki stjórnar. Þá liggja fyrir tilboð í eignir VR í Vestmannaeyjum og tvær íbúðir á Akureyri.

Húsið í Húsafelli verður sjöunda eign VR á svæðinu. Það er stórt, eða 116 fermetrar, sem er í takt við áherslur orlofsnefndar um stærri eignir. Húsið í Hálöndum er sambærilegt og önnur hús VR á svæðinu og verður níunda hús félagsins þar.

Hvað varða sölu eigna er komið tilboð í sumarhús VR í Vestmannaeyjum, með fyrirvara um samþykki stjórnar. Þá eru komin tilboð í eignir VR við Furulund og Dalsgerði á Akureyri.

Stefnt er á kaup á einu til tveimur húsum næsta vetur.

Umræður

Að umræðum loknum var borin upp tillaga um kaup og sölu orlofseigna eins og greint er frá í minnisblaðinu. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Stjórnarfolk undirritaði jafnframt umboð til félagsins til að ganga frá sölu og kaupum.

9. LÍV þing 30.-31. október 2025.

Fyrir fundinum lá skjalið „Minnisblað um val á fulltrúum á þing LÍV 2025“ til afgreiðslu.

Þing Landssambands ísl. verzlunarmanna verður haldið dagana 30. – 31. október í Reykjavík. Á þinginu verður m.a. fjallað um þýðingu gervigreinda fyrir vinnumarkaðinn.

Í lögum LÍV er gert ráð fyrir einstaklingskosningu á þingið á félagsfundi. Þó sé heimilt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu sé það sérstaklega ákveðið af stjórn.

Halla sagði VR hafa síðustu ár farið þá leið að kjósa fulltrúa á félagsfundi og lagði til að



slíkt yrði gert í ár. Fyrst verður leitað til stjórnar og trúnaðarráð með setu á þinginu og því næst trúnaðarmanna. Auglýst verður eftir áhugasömu félagsfólki sem einnig getur boðið sig fram á félagsfundinum.

VR hefur alls 89 fulltrúa á þinginu.

Tillaga um einstaklingskosningu á þingið lögð fyrir fundinn og samþykkt samhljóða.

10. Atvinnustefna Íslands

Fyrir fundinum lá skjalið „Atvinnustefna – minnisblað“ til umfjöllunar og ákvörðunar og „Stefna VR vinnumarkaður til framtíðar“ til upplýsinga.

Halla sagði beiðni hafa borist um endurgjöf frá VR vegna vinnu ríkisstjórnarinnar við mótun atvinnustefnu til ársins 2035. Tilgangurinn er að móta stefnu ásamt markmiðum og mælikvörðum sem lýsi því hvernig stjórnvöld vilja vinna með atvinnulífinu og svari því hvaðan hagvöxtur næstu ára skuli koma. Framtíðarnefnd VR hefur mótað stefnu um vinnumarkað til framtíðar og er reiknað með hún verði að grunni til skoðun VR um þetta málefni.

Þá er óskað eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Hver ættu helstu markmið og lykilmælikvarðar að vera varðandi þróun atvinnulífs næstu tíu ár?
2. Til hvaða aðgerða geta stjórnvöld gripið til að efla útflutning, fjölga vel launuðum störfum og auka framleiðni vinnuafls næstu tíu ár?
3. Hvaða útflutningsgreinar, þar sem framleiðni vinnuafls er há og loftslagsáhrif eru takmörkuð, geta vaxið mest á næstu tíu árum og náð árlegum útflutningi sem nemur tugum milljarða króna?

Umræður

Í umræðum kom fram að stefna um vinnumarkað til framtíðar sé nú til endurskoðunar í framtíðarnefnd, sem mótaði hana fyrir þremur árum. Lagt er til að formanni verði falið að vinna texta að svörum við erindi ríkisstjórnarinnar.

Samþykkt samhljóða.

Halla þakkaði stjórn Suðurlandsdeildar VR fyrir frábærar móttökur og góðan fund.

Fundi var slitið kl. 21:20.